

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 687, 14. desember 1997, um dragnótaveiðar með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. mars 2005.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um skrá Holtsbúðar, dvalar- og hjúkrunarheimilis, Garðabæ, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Félagar í Starfsmannafélagi Garðabæjar:

Rekstrar- og launafulltrúi	1,00	stöðugildi	dagvinna
Hjúkrunardeild	13,72	stöðugildi	dag-, kvöld- og næturvakt
Yfirmaður eldhúss	1,00	stöðugildi	dagvinna
Mötuneyti	6,20	stöðugildi	dag- og kvöldvakt
Ræsting/þvottahús	3,00	stöðugildi	dag- og helgar

Eldri auglýsing frá janúar 2005 fellur úr gildi.

Garðabæ, 18. mars 2005.

F.h. Holtsbúðar, dvalar- og hjúkrunarheimilis,
Helga Elíasdóttir, fjármála- og rekstrarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um vinnu í kældu rými við matvælaframleiðslu.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um vinnu í kældu rými þar sem unnið er við framleiðslu matvæla og starfa þarf við lægra hitastig en 16°C vegna heilbrigðissjónarmiða við framleiðslu vörunnar.

Reglugerð þessi gildir ekki um vinnu í frystiklefum eða kæliklefum þar sem engin vinnsla matvæla fer fram.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna sem starfa í kældu rými við matvælaframleiðslu.